HAFNARFJÖRÐUR
LÆKUR

Ósk um auka stöðugildi á Læk

og

Endurskoðun samnings við Rimmugýg

Brynja Rut Vilhjálmsdóttir

Frostöðumaður á Læk

17. maí 2021

HAFNARFJÖRÐUR

Inngangur

Lækur er athvarf fyrir einstaklinga með geðrænan vanda. Lækur er mikilvægur valkostur fyrir einstaklinga til að vera í samskiptum við annað fólk og þar með rjúfa einangrun. Markmiðið er m.a. að styrkja andlega og líkamlega heilsu gesta, og að allir fái að njóta sín. Ekki er um hefðbundna stofnun að ræða heldur er lögð áhersla á að skapa heimilislegt andrúmsloft á jafningjagrundvelli þar sem boðið er upp á ýmiskonar afþreyingu og fræðslu. Þannig vinnum við að því að auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðrænan vanda að stríða.
Í nóvember á síðasta ári flutti Lækur frá Hörðuvöllum 1, yfir í Staðarberg 6 sem er mun hentugra húsnæði fyrir starfsemina auk þess sem stærð og skipulag húsnæðisins að Hörðuvöllum hentaði starfseminni illa. Bæði starfsfólk og gestir eru því afar þakklát þeim breytingum og möguleikum sem fylgt hafa umræddum flutningum. Vel tókst til að koma starfseminni upp að nýju í hentugra umhverfi. Hér á eftir verður annars vegar óskað eftir auka stöðugildi sérfræðings á Læk og hins vegar beiðni um að samningur við „Rimmugýg“ verði endurskoðaður vegna bílskúrs í Staðarbergi.

Viðfangsefni 1

Á Læk hefur verið óskað eftir aukastöðugildi tvisvar sinnum áður. Fengið var leyfi til að taka mál Lækjar upp á vorfundi fjölskylduráðs 2021, sem er núna og fara aftur yfir stöðuna. Frá því á síðasta fundi höfum við fengið til liðs við okkur einstakling frá samfélagsþjónustunni og nú var að byrja hjá okkur kona sem er myndlistamenntuð. Hún kemur frá úrræði Vinnumálastofnunnar og er hjá okkur fram til 12. desember okkur að kostnaðarlausu. Það er von okkar að með beiðni um auka stöðugildi að hún geti haldið áfram starfi sínu hér á Læk sem sérfræðingur þegar úrræði Vinnumálastofnunar líkur í desember n.k.

Þegar Hafnarfjarðarbær tók við starfsemi Lækjar árið 2018 var óskað eftir því að starfseminni yrði breytt á þann veg að boðið yrði upp á meiri „virkni“ á Læk. Þær breytingar hafa nú þegar átt sér stað og eru reyndar í stöðugri þróun. Þetta er stór þáttur í framtíðarsýn Lækjar og þróun staðarins. Með það í huga að fagleg vinnubrögð séu ávallt höfð að leiðarljósi.

HAFNARFJÖRÐUR

Til þess að tryggja faglegt og skilvirkt skipulag þá er þörf á umræddu auka stöðugildi sérfræðings sem getur lagt lið við byggja góða og innihaldsríka dagskrá.

Það skiptir máli að hægt sé að halda uppi þannig starfsháttum á Læk að starfsfólk geti tekið vel á móti gestum og gefið þeim tíma og athygli. Erfitt getur verið að skapa slíkt andrúmsloft þegar það fáa starfsfólk sem núna er á Læk er á hlaupum og kappi við að halda uppi dagskrá og í senn í faglegum og persónulegum samskiptum. Þegar Lækur var á ábyrgð Rauða Krossins þá var forstöðumaður þriðji starfsmaður á gólfi. Með starfsháttum bæjarins og breyttu fyrirkomulagi á Læk þarf forstöðukona líka að sinna auknum og fjölbreyttari skrifstofuvinnu en áður var. Það var þörf á auka stöðugildi áður en Lækur flutti en nú er þörfin enn meiri. Þessu til viðbótar hefur orðið aukning í fjölda gesta og gestir staldra lengur við á Læk heldur en áður var. Okkar gestum líður betur í húsinu. Þannig er algengt að þeir sem komu og stoppuðu í 1-2 klst áður, mæta núna að morgni og eru allan daginn.

Hér er **nákvæmari mynd** af stöðunni eins og hún **er** og hvað er verið að óska eftir.

<u>Starfsmenn á Læk núna og síðustu ár.</u>

77% starfsmaður á Læk

77% sérfræðingur á Læk


100% forstöðumaður


Óskað er eftir viðbótarstöðugildi sérfræðings í 100 % stöðu (7.000.000 kr)**.**

HAFNARFJÖRÐUR


Hér má sjá fjölda gesta auk fjölda nýrra gesta eftir flutninga í nóv 2020

Heildarfjöldi gesta	58
Fjöldi nýrra gesta	27





Að meðaltali koma 15-16 manns í Læk hvern dag árið 2021.



Viðfangsefni 2

Gerður var samningur við „Rimmugýg“ að þeir mættu halda bílskúrnum áfram í Staðarbergi 6. Undirrituð hefur átt í reglulegum samskiptum við formann Rimmugýgs, í þeim tilgangi að finna aðra lausn á geymslu þeirra búnaðar, en án árangurs.

Starfsemi Lækjar er m.a. byggð á „listsköpun“ en við höfum ekkert rými til að sinna því eins og staðan er núna. Þeir gestir sem voru vanir að eyða dögum sínum inn í listarými hafa ekki slíka aðstöðu í dag. Nefna má eitt dæmi, en við erum með leirofn sem ekki er hægt að nota en einnig stendur okkur til boða að þiggja glerofn sem við getum þó ekki tekið á móti eins og staðan er í dag.

Með þessu rými opnast rými fyrir aukna samveru og samvinnu, leik og gleði, auk þess að efla sköpunarhæfileika. Aukin vellíðan skilar sér síðan í bættri heilsu og auknum tilgangi til að takast á við dagleg verkefni.

Einnig mætti taka fram að listsköpun eykur einbeitingu, hugrekki, gleði, lækkar blóðþrýsting, þjálfar lausnamiðaða hugsun, og hugrekki til að takast á við áskoranir. Auk þess eflist sjálfsvirðing og sjálfsmat.

Með von um að samningur við „Rimmugýg“ verði endurskoðaður og fundin verði góð lausn með rýmið sem má nýta mun betur en gert er í dag.

Niðurstöður

Líkt og fram hefur komið í þessari skýrslu er óskað eftir auka stöðugildi sérfræðings á Læk svo áfram sé hægt að stefna í þá átt í að byggja Læk upp með faglegum hætti. Auk þess er óskað eftir því að samningur við Rimmugýg verði endurskoðaður með tillliti til nýtingar á bílskúr.